

# KEILUSKURÐUR OG MEDGANGA

## ICD 10 greining:

- O34.4 Fyrri keiluskurður**  
**N87.0 Mild cervical dysplasia**  
**N87.1 Moderate cervical dysplasia**  
**N87.2 Severe cervical dysplasia**

Keiluskurður er gerður til að fjarlægja frumubreytingar sem greinst hafa í leghálsi. Almennt eru keiluskurðir hér á landi staðlaðir (grunnir, LEEP aðferð) og ef keilan er  $\leq 15$  mm á dýpt er hætta á fyrirburafæðingu lítil og ekki þörf á sérstöku eftirliti. Í öðrum tilvikum er aðeins aukin hætta á fyrirburafæðingum og fer það eftir stærð og dýpt keilunnar sem var fjarlægð. Í vefjameinafræðisvari er dýpt keilunnar oftast skráð.

- Ef kona hefur fætt fullburða barn (37v) eftir keiluskurð þarf hún ekki viðtal við fæðingalækni eða sérstakt eftirlit.
- Ef kona er frumþyrja og hefur farið í staðlaðan keiluskurð er ekki þörf á sérstöku eftirliti.
- Ef einhver vafamál eru, svo sem keiluskurður gerður erlendis eða óvissa um eðli keiluskurðar, ætti að leita álits ráðgefandi fæðinga- og kvensjúkdómalæknis/læknis fyrir 16. viku, um hvort þörf er á sérstöku eftirliti.

## ÁSTÆÐA ER TIL MATS OG SKOÐUNAR HJÁ FÆÐINGALÆKNI EF:

- Kona hefur fætt fyrirbura eftir keiluskurð
- Saga um endurtekna keiluskurði
- Óvenjustór eða óhefðbundinn keiluskurður
- Fjölburameðganga eftir keiluskurð

Fáar rannsóknir eru til um hvernig eftirliti er best háttáð eftir keiluskurð. Þegar þörf er á mati og skoðun sbr. hér að ofan er almennt mælt er með að mæla legháls með ómun frá 16 vikna meðgöngu og vera vakandi fyrir blæðingu frá leggöngum og einkennum um leggangasýkingu.

Ef kona fær boð um speglun og sýnatöku á meðgöngu er mælt með ráðgjöf hjá Samhæfingarstöð krabbameinsskimana